

Hrossaræktarsamtök
Eyfirdinga og Þingeyinga
Óseyri 2 603 Akureyri

Sími 460-4477
Fax 460-4478

www.hryssa.is



Stóðhestar á vegum félagsmanna

Á heimasíðu HEP, www.hryssa.is eru upplýsingar um fjölda hesta í eigu einstaklinga á svæðinu sem og leiguhesta. Öllum félagsmönnum er velkommið að kynna hesta sína eða leiguhesta á heimasíðunni. Á það við sýnda jafnt sem ósýnda hesta. Endilega sendið upplýsingar á netfangið vignir@bugardur.is.

Ætlar þú að sýna stóðhest í sumar? Þetta þarftu að muna:

Blóðsýni

Úr öllum stóðhestum **fimm vetra** eða eldri þarf að hafa verið tekið blóðsýni.

DNA sýni

Allir stóðhestar sem koma til kynbótadóms skulu vera DNA-greindir svo og foreldrar þeirra.

Myndataka vegna spatts

Röntgenmynda skal alla stóðhesta sem náð hafa **fimm vetra aldri**. Hestur hlýtur ekki dóm nema myndataka hafi farið fram og niðurstöður liggi fyrir í WorldFeng.

Eistnamæling

Mæla skal eistu stóðhesta. Því er mikilvægt að búið sé að venja þá við að eistu þeirra séu þukluð.

DNA sýnataka—verðskrá

þeir sem vilja láta taka sýni á þessu vori hafi samband sem fyrst við Vigni í síma 460-4477, gsm 896-1838 eða á netfangið vignir@bugardur.is.

Verðskrá er nú eftirfarandi:

Greining á sýni 6.200.-
Greining á forgangssýni 18.000.-
Komugjald 2.100.-
Tímagjald 5.500.- (35% afsl. til félaga í BSNP, BSE og BSSP).
Ekki er innheimt fyrir akstur.

Minnt er á að dýralæknar bjóða einnig upp á DNA sýnatöku.



Fréttabréf HEP



HEP og aðildarfélög styrkja exemrannsóknir

Á aðalfundi HEP fluttu þau Vilhjálmur Svansson og Sigurbjörg Þorsteinsdóttir afar áhugavert erindi um rannsóknir á vegum Tilraunastöðvar HÍ að Keldum um sumarexem í íslenskum hestum. Markmið verkefnisins er að þróa ónæmismeðferð við sumarexemi. Verkefninu miðar vel en svona rannsóknir eru afar kostnaðarsamar og hætta á að þær stöðvist ef ekki fást auknir fjármunir til að halda þeim áfram. Óhætt er að segja að það sé eitt eitt af stærri hagsmunamálum íslenskra hrossaræktenda að finna úrlausn á þessum málum. HEP og aðildarfélög þess ákváðu að styðja við rannsóknarhópinn með 600.000.- kr. framlagi og var upphæðin afhent á fundinum.

Á meðfylgjandi mynd má sjá þau Sigurbjörgu og Vilhjálmm ásamt Ríkarði G. Hafdal formanni HEP sem afhenti styrkinn.

Ríkarður endurkjörinn formaður HEP

Aðalfundur HEP var haldinn í Funaborg 11. apríl sl. Ríkarður Hafdal var endurkjörinn formaður og er stjórn því óbreytt frá fyrra ári.

Einkunnalágmörk fyrir Landsmót 2012

Stóðhestar	4 vetra	8,00
Stóðhestar	5 vetra	8,15
Stóðhestar	6 vetra	8,30
Stóðhestar	7 v. og eldri	8,35
Hryssur	4 vetra	7,90
Hryssur	5 vetra	8,05
Hryssur	6 vetra	8,20
Hryssur	7 v. og eldri	8,25

Kynbótasýningar á Norðurlandi í vor/sumar

20.4 - 21.4	Sauðárkrókur
14.5 - 18.5	Melgerðismelar
21.5 - 25.5	Húnavatnssýslur
28.5 - 1.6	Sauðárkrókur
4.6 - 8.6	Dalvík
1.8—3.8	Skagafjörður
7.8—10.8	Húnavatnssýslur
20.8—24.8	Akureyri